



# Uppgjör Landsbankans Janúar - september 2023

Fréttatilkynning 26. október 2023

---

## Fréttatilkynning 26. október 2023

# Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2023

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 var 22,4 milljarðar króna, þar af 7,9 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi.
- Arðsemi eiginfjár á fyrstu níu mánuðum ársins var 10,5% en var 10,9% á þriðja ársfjórðungi.
- Stefna Landsbankans er að greiða um 50% af hagnaði hvers árs í arð.
- Hreinar þjónustutekjur jukust um 2,7% á milli ára.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 27,3% vegna betri ávöxtunar á lausafé, stærra útlánasafns og herra vaxtastigs.
- Hlutfall kostnaðar af tekjum (K/T) var 34,6%.
- Innlán hafa aukist um 10,1% frá áramótum og sífellt fleiri nýta sér hagstæðasta óverðtryggða sparnaðarreikninginn okkar með því að spara í appinu.
- Landsbankinn gaf í september út græn skuldabréf fyrir 300 milljónir evra í vel heppnaðri útgáfu.
- Í Landsbankaappinu geta viðskiptavinir nú séð stöðuna á reikningum sem þeir eiga í öðrum bönkum og við munum fljótlega kynna þann möguleika að nota Landsbankaappið til að millifæra af þessum reikningum.
- Vanskil eru sem fyrr nálægt sögulegu lágmarki og framlag vegna virðisrýrnunar er í samræmi við áætlanir bankans.

Rekstrarkostnaður bankans var 20,4 milljarðar króna á tímabilinu en var 18,7 milljarðar króna á sama tímabili árið áður. Þar af voru laun og launatengd gjöld 11,5 milljarðar króna samanborið við 10,5 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Annar rekstrarkostnaður var 7,1 milljarður króna samanborið við 6,7 milljarða króna á sama tímabili árið áður.

Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 var 34,6%, samanborið við 48,9% á sama tímabili árið 2022.

Heildareignir bankans hækka um 195,4 milljarða króna á tímabilinu og námu 1.982 milljörðum króna 30. september 2023. Útlán jukust um 55,5 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2023. Í lok september 2023 námu innlán frá viðskiptavinum 1.065,2 milljörðum króna, samanborið við 967,9 milljarða króna í árslok 2022, og höfðu því aukist um 97,3 milljarða króna.

---

Eigið fé Landsbankans var 293 milljarðar króna þann 30. september sl. og eiginfjárhlutfall alls var 23,7%.

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 23. mars 2023, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2022 sem næmi 0,36 krónum á hlut og að arðgreiðslan verði tvískipt. Arðgreiðslurnar, hvor um sig 0,18 krónur á hlut, voru inntar af hendi þann 29. mars og 20. september sl. Arðgreiðslur á árinu nema alls 8.504 milljónum króna en frá árinu 2013 nema arðgreiðslur bankans samtals 175,2 milljörðum króna.

## Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Rekstrarniðurstaðan fyrir fyrstu níu mánuði ársins er góð og til marks um góðan árangur og stöðugleika í rekstri bankans. Arðsemi bankans á árinu er í samræmi við langtímamarkmið bankans um að skila yfir 10% arðsemi á eigið fé en hafa ber í huga að eigið fé bankans er töluvert umfram lágmarkskröfur.

Fjármögnun bankans er traust, bæði í krónum og erlendri mynt, sem er mikilvægt við þær krefjandi aðstæður sem nú ríkja. Útgáfa bankans á grænum skuldabréfum að fjárhæð 300 milljón evrur í september tókst mjög vel, en mikil umfræftirspurn var í útboðinu og kjörin betri en höfðu sést í sambærilegum útgáfum um nokkra hríð. Útgáfa sem þessi er mikilvæg forsenda þess að bankinn geti stutt við útflutningsgreinar og viðtökurnar eru til marks um að bankinn hefur góðan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum.

Á þessu ári hefur nýjum fyrirtækjum og félögum í viðskiptum fjölgað um 20% og markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði er áfram sterk, eða um 40%. Á næstunni munu fastir vextir á óverðtryggðum íbúðalánnum hjá mörgum viðskiptavinum okkar losna og að óbreyttu mun greiðslubyrði lánanna hækka umtalsvert. Eins og kemur fram í kynningunni sem fylgir þessu uppgjöri eru ýmsar leiðir til að lækka greiðslubyrði með því að breyta lánsformi. Við hvetjum viðskiptavinum til að hafa samband við okkur og ræða þá möguleika sem eru í boði. Við leggjum mikla áherslu á að veita viðskiptavinum góða ráðgjöf um hvaða leiðir standa til boða í lánnum og sparnaði. Aðgengi að ráðgjöf og þjónustu hjá bankanum er mjög gott og starfsfólk okkar um land allt tekur vel á móti öllum.

Samhliða hækkingu vaxtastigi hefur bankinn markvisst unnið að því að lækka vaxtamun húsnaðislána og ef miðað er við meginvexti Seðlabankans hefur munurinn aldrei verið minni. Samkeppni um innlán hefur aukist og mikil sókn er í sparnað í appi, þar sem Landsbankinn býður bestu óbundnu vextina. Munur á óbundnum, breytilegum innlánsvöxtum og breytilegum húsnaðisvöxtum er í dag 2 prósentustig.

Appið er fyrir löngu orðið fyrsta val viðskiptavina og sífellt fleiri nýjungar bætast þar við. Við munum fljótlega kynna nýjan möguleika í appinu sem felst í að viðskiptavinir geta ekki aðeins séð stöðuna á reikningum sínum í öðrum bönkum, heldur geta þeir líka notað Landsbankaappið til að millifæra af reikningum sínum í öðrum bönkum. Þessi virkni byggir á því að við uppfyllum nú að fullu þær ítarlegu kröfur varðandi einstaklingsþjónustu sem eru gerðar til allra fjármálafyrirtækja í PSD2-reglugerðinni um greiðsluþjónustu. Með þessu greiðum við leiðina fyrir samkeppni frá öðrum fjártæknifyrirtækjum, en það er líka alveg ljóst að við ætlum sjálf að nýta fjártæknina til að bjóða okkar eigin lausnir sem gera lífið einfaldara fyrir okkar viðskiptavinum.“

---

## Helstu atriði úr rekstri á þriðja ársfjórðungi (3F) 2023

### Rekstur:

- Hagnaður Landsbankans á 3F 2023 nam 7,9 milljörðum króna samanborið við hagnað upp á 5,8 milljarða króna á sama ársfjórðungi árið 2022.
- Arðsemi eiginfjár var 10,9% á 3F 2023, samanborið við 8,5% á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Hreinar vaxtatekjur á ársfjórðungnum voru 15,2 milljarðar króna en þær námu 12,2 milljörðum króna á 3F 2022.
- Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 248 milljónir króna á 3F 2023 samanborið við jákvæða virðisbreytingu upp á 2,6 milljarða króna á 3F 2022.
- Hreinar þjónustutekjur námu 2,3 milljörðum króna en voru 2,5 milljarðar króna á 3F 2022.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 3,1% á 3F 2023 en var 2,8% á sama tímabili árið áður.
- Laun og launatengd gjöld námu 3,2 milljörðum króna samanborið við 3,1 milljarð króna á sama ársfjórðungi 2022.
- Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum nam 2,4 milljörðum króna á 3F 2023 samanborið við 2,1 milljarð króna á sama ársfjórðungi 2022.
- Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) á 3F 2023 var 31,5% samanborið við 43,2% á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Stöðugildi hjá Landsbankanum þann 30. september 2023 voru 818 en voru 824 á sama tíma fyrir ári.

### Efnahagur:

- Eigið fé Landsbankans nam 293 milljörðum króna í lok september 2023.
- Eiginfjárhlutfall bankans (e. total capital ratio) þann 30. september 2023 var 23,7% en var 24,7% í lok árs 2022. Það er verulega umfram 20,2% eiginfjárviðmið Fjármálaeftirlits Seðlabankans.
- Heildareignir bankans námu 1.982 milljörðum króna í lok september 2023.
- Útlán jukust um 55,5 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2023. Útlán til einstaklinga jukust um 19,5 milljarða króna og útlán til fyrirtækja um 47 milljarða króna en á móti kemur 11 milljarða króna lækun vegna gengisáhrifa. Nettóaukning fyrirtækjalána er því 36 milljarðar króna.
- Innlán viðskiptavina námu 1.065 milljörðum króna í lok september 2023, samanborið við 968 milljarða króna í lok árs 2022.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfall bankans (e. liquidity coverage ratio) var 238% í lok september 2023 samanborið við 134% í lok árs 2022.
- Heildarvanskil fyrirtækja og heimila voru 0,3% af útlánnum.

	9M 2023	9M 2022	3F 2023	3F 2022
Fjárhæðir í milljónum króna				
Hagnaður eftir skatta	22.383	11.320	7.910	5.763
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	10,5%	5,6%	10,9%	8,5%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	3,0%	2,6%	3,1%	2,8%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	34,6%	48,9%	31,5%	43,2%
	<b>30.9.2023</b>	<b>30.9.2022</b>	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Heildareignir	1.982.403	1.771.128	1.787.024	1.729.798
Útlán til viðskiptavina	1.599.871	1.496.347	1.544.360	1.387.463
Innlán frá viðskiptavinum	1.065.210	967.965	967.863	900.098
Eigið fé	292.971	273.414	279.091	282.645
Eiginfjárlutfall alls	23,7%	24,2%	24,7%	26,6%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	150%	142%	132%	142%
Heildarlausafjárþekja	238%	147%	134%	179%
Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022)	1.227%	204%	351%	556%
Vanskilahlutfall (>90 daga)	0,3%	0,2%	0,2%	0,3%
Stöðugildi	818	824	813	816

\*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána)

## Fjárhagsdagatal Landsbankans

Ársuppgjör 2023 1. febrúar 2024